

Sp. 425. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]
um nefndarskipun vegna vinnudeilu.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þegar í stað nefnd fimm alþingismanna til að vinna að lausn kaups- og kjaradeilu þeirrar, sem nú stendur yfir. Skulu nefndarmenn valdir eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum. Nefndin skal vera ólaunuð, en óhjákvæmilegur kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eins og alkunnugt er, hafa fjölmörg verkalýðsfélög sagt upp kaup- og kjarasamningum, og runnu þeir út um s. l. mánaðamót. Verkalýðssamtökin ákváðu þó að láta ekki koma til verkfalls þá þegar, í þeirri von, að reynt yrði til þrautar að ná samningum án vinnustöðvunar.

Hverjum hugsandi manni er ljóst, að á mjög miklu veltur fyrir þjóðina, hvort takast má að leysa núverandi kjaradeilur án stórkostlegra verkfalla, sem hefðu í för með sér framleiðslutap, er skipti tugum milljóna dag hvern. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði skiptir það einnig meginmáli, með hverjum hætti kjaradeilurnar verða leystar.

Fyrir skömmu er lokið tveim einangruðum kjaradeilum, er báðar stóðu vikum saman og ollu þjóðinni milljónatjóni. Má af þeim hörðu átökum ráða, að hinar viðtæku kjaradeilur, sem nú standa yfir, geti orðið torleystar. Benda ekki miklar líkur til þess, að þær leysist með einhliða samningum milli verkalýðsfélaga annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Má telja fullvíst, að þar verði Alþingi og ríkisstjórn að eiga hlut að máli, ef reyna á til hlítar að bægja frá dyrum þjóðarinnar þeim voða, sem hlýzt af langvarandi verkföllum, er koma til með að lama allt atvinnulíf hennar.

Með tafarlausri samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, myndi Alþingi leggja áherzlu á tvennt: 1) nauðsyn þess, að leysa núverandi vinnudeilur svo fljótt sem verða má, 2) að Alþingi beri ásamt ríkisstjórn að hafa um það frumkvæði, að deilurnar leysist á þann hátt, sem þjóðarheildinni er hagkvæmastur.